



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2012
Tilvísun: HII2110209/0.3

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (landbúnaðarháskólar og samstarf opinberra háskóla). Þingskjal 366 — 319. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Háskóla Íslands framangreint frumvarp til umsagnar og fylgja hér með athugasemdir við það.

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hafa fulltrúar Háskóla Íslands tekið þátt í samráði um efni þess og átt kost á því að koma að athugasemdum og sjónarmiðum allt frá því að frumdrög frumvarps sáu dagsins ljós sl. vor. Drög að frumvarpi voru síðan birt til kynningar og opins samráðs á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis 7. september sl. og gefið færi til 17. september til þess að koma að athugasemdum. Fulltrúar háskólans sendu þá inn ábendingar og athugasemdir.

Eins og frumvarpið liggur nú fyrir hefur í flestum atriðum verið tekið tillit til athugasemda sem Háskóli Íslands hefur sett fram við undirbúning þess.

Auk þess að samræma ákvæði laga um opinbera háskóla breytingum á lögum um háskóla, nr. 63/2006, sem samþykktar voru á Alþingi sl. vor, eru meginmarkmið breytinganna tvö:

Annars vegar að allir opinberir háskólar búi við sama lagaumhverfi með því að starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum verði felld undir lög um opinbera háskóla og að lög um búnaðarfræðslu, nr. 57/1999, falli brott.

Hins vegar að samstarf opinberra háskóla sem hófst árið 2011 verði formfest með stoð í lögum. Frá sjónarhóli Háskóla Íslands er einkar mikilvægt að háskólinn leiði það samstarf og að við skipan verkefnastjórnar um samstarfsnet opinberra háskóla skuli tekið mið af stærð háskólanna og umfangi starfsemi þeirra, eins og ráð er fyrir gert í 6. gr. frumvarpsins. Í þessu samhengi telur háskólinn jafnframt mikilvægt, eins og bent var á við undirbúning frumvarpsins, að sérstaklega verði kveðið á um það í lagagreininni um samstarf opinberu háskólanna, að ráðherra geri ár hvert tillögur um fjárframlög til að mæta útgjöldum vegna samstarfs þeirra, sbr. 24. gr. laga um opinbera háskóla nr. 63/2006. Lagt er til að slíku



ákvæði verði bætt við sem sjálfstæðri málsgrein á eftir 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Þá telur Háskóli Íslands til mikilla bóta að opinberum háskólum verði heimilt að innheimta sérstök umsýslu- og afgreiðslugjöld vegna umsókna um skólavist frá umsækjendum með ríkisfang utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 5. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Háskóla Íslands,

Jón Atli Benediktsson, aðstoðarrektur vísinda og kennslu

Þórður Kristinsson, sviðsstjóri kennslusviðs